

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, svæði norðan Tjarnarhóls.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. maí 2008 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af Miðhúsabráut, Kjarnagötu, Tjarnarhóls og golfvallar. Tvær nýjar lóðir eru skilgreindar, annars vegar fyrir verslun og bensínstöð og hins vegar lóð fyrir þjónustusvæði.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Mýrarhverfis, Rauðamýri 11.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. maí 2008 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í að á lóð nr. 11 við Rauðumýri verður heimilt að byggja bílgeymslu að hámarksstærð 49,7 m² sem staðsett verður í suðvestur hluta lóðarinnar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. skipulagsstjóra Akureyrarkaupstaðar, 9. júní 2008,

Anna Bragadóttir, fulltrúi skipulagsmála.